

Alþingi
Erindi nr. P 139/1140
komudagur 13.1. 2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

13. janúar 2011

Efni: Frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnað af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum, 388. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Frumvarpið veitir fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, heimild til að staðfesta með undirritun samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum. Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að fjármálaráðherra skuli semja við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta um framkvæmd ofangreindra samninga og að lög um heimild til staðfestingar fyrri samningar falli brott.

Í samningunum er gert ráð fyrir að Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta endurgreiði breskum og hollenskum stjórnvöldum þær fjárhæðir sem þau hafa lagt út vegna lágmarkstryggingar innstæðna, en fái í staðinn framseldan samsvarandi hluta krafna þeirra í bú bankans og annist um að innheimta þær. Eignir Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta verði notaðar, ásamt framlagi frá ríkinu, til að inna af hendi fyrstu greiðslu en í kjölfarið verði greiðslur inntar af hendi jöfnum höndum eftir því sem úthlutað er úr búi Landsbankans. Áfallandi vextir verða greiddir ársfjórðungslega fram á mitt ár 2016, þegar búist er við að úthlutun úr búi Landsbankans verði að mestu lokið. Frá þeim tíma skuldbindur ríkið sig til að standa undir eftirstöðvum skuldbindinga með ákveðnum fyrirvörum og samkvæmt umsömdum viðmiðunum. Höfuðstóll endurgreiðslufjárhæðarinnar ber ekki vexti fram til 1. október 2009, en ber eftir það fasta vexti sem eru ákvarðaðir 3% fyrir höfuðstól skuldbindingarinnar gagnvart Hollandi og 3,3% gagnvart Bretlandi fram til 30. júní 2016. Vextir á þá fjárhæð sem eftir kann að standa 16. júní 2016 verða svokallaðir CIRR-vextir OECD.

Samtök atvinnulífsins hafa áður lýst því yfir að mikilvægt sé að leysa úr ágreiningi við Breta og Hollendinga um Icesave, þar sem málið hafi áhrif á efnahagslega þróun Íslands. Má í því sambandi benda á að því hefur verið haldið fram að málið hafi haft truflandi áhrif á fjármögnun mikilvægra framkvæmda til atvinnuuppbyggingar hér á landi, s.s. Búðarhálsvirkjun. Í ályktun framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins frá því í janúar 2010 var hvatt til þess að stjórn og stjórnarandstaða stæðu saman um skilmála í viðræðum við stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi um skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda vegna Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. og bent á að stjórnmalaflokkarnir þyrftu að



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

ná samkomulagi um nýja samningsskilmála og ná betri samningum, því brýn þörf væri á viðtækri samstöðu um lausn þessa mikilvæga máls.

Hinir nýju endurgreiðslu- og skaðleysissamningar virðast miðað við gefnar forsendur vera Íslandi hagstæðari en fyrri samningar. Þá kemur fram í athugasemdum frumvarpsins að meiri víska sé nú um endurheimtur úr búi Landsbankans og að skilanefnd Landsbankans telji að úthlutun upp í forgangskröfur muni nema 86%. Ef forsendur ganga eftir er áætlað að 47 milljarðar króna falli á rikissjóð. Ennfremur hefur í samningunum verið tekið á ýmsum þeim atriðum fyrri samninga sem athugasemdir voru gerðar við, t.d. varðandi vanefndaúrræði og réttihæð krafna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta gagnvart öðrum forgangskröfum.

Að því gefnu að rétt sé að ná samkomulagi um lausn málsins og að teknu tilliti til heildarfjárhæðar innstæðna á Icesave-reikningum í Bretlandi og Hollandi virðast samningarnir fela í sér betri niðurstöðu fyrir íslenska hagsmuni. Í því felst ekki að lagaskylda til greiðslu sé viðurkennd.

Af framangreindum ástæðum telja Samtök atvinnulífsins hagsmunum atvinnulífsins best borgið með því að þetta mál sé klárað með sem viðtækastri samstöðu.

Virðingarfyllt,

Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastj.